


SÆRAF EHF



Tölvuverslun  
Tölvuviðgerðir  
Rafeindapjónusta  
Siglingatækjapjónusta

Opið alla virka daga kl. 10-17

Silfurgötu 5 Ísafirði • Sími: 450 6000 - 861 7360 - 891 8260 - sraf.is



„Maður getur yfirleitt  
meira en maður heldur“

Ásgeir Höskuldsson framkvæmdastjóri Vesturferða

Ásgeir Höskuldsson framkvæmdastjóri Vesturferða á Ísafirði er í vikuvíðtali, þar ræðir hann búsetu um víða veröld, kynni sín af grunnavinnuvegum þjóðarinnar og verbúðalífi, útrásina sem hann tók þátt í með Nikita, þunglyndið sem litað hefur líf hans og tækifærin á Vestfjörðum.

— sjá bls. 6 — 9



## Óháð fréttablað á Vestfjörðum

# BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 14. apríl 2016 · 14. tbl. · 33. árg. · Ókeypis eintak



Mynd: Hilmar Pálsson.



HAMRABORG

Hamraborg ehf • Hafnastræti 7  
Sími 456 3166



HAMRABORG  
SAMLOKA  
Geymist við 0-4°C

með hangikjöti og salati



HAMRABORG  
SAMLOKA  
Geymist við 0-4°C

með roastbeef



HAMRABORG  
SAMLOKA  
Geymist við 0-4°C

með kjúklingasalati



HAMRABORG  
SAMLOKA  
Geymist við 0-4°C

með rækjum og eggjum

*Alltaf  
nýsmurt*

# Léku til sigurs í Hörpu

Nemendur úr tónlistarskólum á norðanverðum Vestfjörðum riðu feitum hesti frá Nótunni, uppskeruhátíð tónlistarskólanna sem fram fór í Eldborgarsal Hörpu um helgina, en verðlaunahlutfall þeirra var 20%, sem hlýtur að teljast afar gott fyrir ekki fjölmennara svæði. 26 atriði kepptu til úrslita og voru tíu verð-

laun, eða Nótur, afhentar að keppni lokinni til þeirra tónlistarnema sem þóttu skara fram úr. Fengu þau einnig að spila á lokatónleikum keppinnar sem tekin var upp og sýnd verður á RÚV.

Kristín Harpa Jónsdóttir og Pétur Ernir Svavarsson, píanónemendur hjá Beötu Joó, við Tónlistarskóla

Ísafjarðar og Oliver Rähni, píanónemandi Tuuli Rähni, við Tónlistarskóla Bolungarvíkur, komu öll heim Nótu ríkari. Þau höfðu áður tryggt sér sæti í lokakeppni Nótunnar eftir þáttöku í undankeppni sem fram fór í síðasta mánuði í Stykkishólmi.

annska@bb.is



Nemendur með kennurum sínum á Nótunni.

## Til sölu



Báturinn Fákur til sölu

Upplýsingar hjá Holmberg í síma 456 3842 eða gsm 899 3842

## Vantar þig heyrnartæki?

Heyrnarmælingar, ráðgjöf og heyrnartækjapjónusta

Ísafjörður - 26. og 27. apríl



Árni Hafstað heyrnarfræðingur verður á Ísafirði við heyrnarmælingar, ráðgjöf og sölu heyrnartækja. Mikið úrval af hágæða heyrnartækjum. Sérsmíðuð í eyra eða næstum ósýnileg bak við eyra. Margir verðflokkar.



Heyrnartækni

Bókaðu tíma í heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki til prufu

Sími 568 6880

Glæsibæ | Álftheimum 74 | 104 Reykjavík | Sími 568 6880 | www.heyrnartækni.is



Finnbogi Hermannsson

## — Sjónarmið —

### Gömlu gildin

Síðan ég fluttist vestur á Firði fyrir tæplega fjörutíu árum hafði Vestfirðingum fækkað jafn og þétt frá lokum seinna stríðs. Og það eru árleg tíðindi að eftir því sem þjóðinni fjölgar, fækkar Vestfirðingum. Ég hef reyndar átt þátt í fólksfjölguðum upp á tvær dætur síðan ég kom vestur en það hefur ekkert að segja. Þær eru uppkomnar, fluttar suður og eiga þar samtals þrjú börn, eiga fjölskyldur, hafa ágæta atvinnu og hyggja alls ekki á vesturför. Þetta er fólksflóttinn í hnotskurn. Eftir sitjum við foreldrarinn í húsinu ásamt kettinum og getum okkur hvergi hrært þótt við vildum. Verðlag á einbýlishúsum á Vestfjörðum er það lágt að varla tekur því að selja til að byrja upp á nýtt á húsnaðiskaupum fyrir sunnan.

Varla hefur nokkur maður gert tilraun til að skilgreina ástandið á Vestfjörðum og þá sérstaklega á Ísafirði sem ætti að bera ægishjálmi yfir önnur byggðarlög í fjórðungnum. Þar er öll nauðsynleg þjónusta fyrir hendi og allar stofnanir sem skipta íbúa á einu landssvæði máli. Þar er til dæmis flugvöllur sem býður upp á samgöngur

tvisvar á degi hverjum. Daglegar póstsamgöngur og netkerfi upp á það besta. Sjúkrahús með fjölbætta þjónustu og tannlæknar í þeirri sömu byggingu. Ágæt áfengisverslun með þokkalegt úrval af góðum vínnum og leiðbeiningum starfsmanna. Heimilistæki og önnur tæki yfirleitt á sama verði og í Reykjavík. Viðgerðapjónusta jafnan fyrir hendi og skammur fyrirvari. Menntaskóli trónir á Torfnésinu og Háskólasetur Vestfjarða í neðra sem er hálfgerð undrastofnun. Bónusverslun inni í Holtahverfi með landsverði nokkurn veginn. Er nú nokkuð upp talið, nema náttúrlega bókasafnið sem er ein menningarleg vin á Ísafirði og andleg næring að setjast þar inn og meðitera.

Hvers vegna flýr þá fólkið og hyggst ekki koma aftur?

Því er til að svara að fólk menntar sig og gerir líklega ráð fyrir framgangi í starfi í fyllingu tímans og að það verði samkeppnisfært til að keppa um stöður við hvern annan. Það er aftur á móti orðið inngróið á Vestfjörðum, að hvorki menntun né reynsla séu vænleg til metorða. Þegar eitthvert embætti losnar sem talið er álitlegt hefjast hræringar

í Sjálfstæðisflokknum og Frímúrarareglunni á Ísafirði þar sem nokkurt samasemmerki er á milli. Mér er það minnisstætt þegar embætti framkvæmdastjóra Fjórðungssjúkrahússins var veitt á sínum tíma, þá sóttu tveir menn um sem taldir voru jafnhæfir þar sem menntunarkröfur voru á mjög gráu svæði. Annar hafði miðskólapróf, hinn var háskólamenntaður og hafði mikla reynslu af mannlegum samskiptum. Sá var hængurinn á að hann var hvorki í Sjálfstæðisflokknum né Frímúrarareglunni á Ísafirði. Það var aftur á móti sá með miðskólaprófið sem bæði var í Sjálfstæðisflokknum og gildur frímúrari og auðvitað fékk hann starfið. Maðurinn með háskólaprófið og reynslu í mannlegum samskiptum hrökklaðist suður og yfirgaf þá fimm manna fjölskylda Vestfirði og kom ekki aftur. Sami maður gegndi svo lengi ábyrgðarstarfi hjá Reykjavíkurborg við góðan orðstír.

Svona hefur þetta gengið þau fjörutíu ár sem ég hef búið á Vestfjörðum. Fjórðungssamband Vestfirðinga var áður fyrr eins konar athvarf fyrir atvinnulausa sjálfstæðismenn. Þar hafa konur aldrei verið framkvæmdastjórar.

Og líti maður í kringum sig hafa konur verið sárafaar sem valist hafa til metorða. Helst í menntunar- og umönnunargeiranum.

Nú á vordögum hefur Orkubú Vestfjarða verið í nokkrum brennidepli. Þar er nú að hætta störfum framkvæmdastjóri þess frá fyrstu tíð og fékk hann af einhverjum ástæðum ríkulegan bónus frá stjórn fyrirtækisins. Svo kom að því að ráða skyldi nýjan Orkubússtjóra. Starfið var auglýst og eitthvert ráðningarfyrirtæki þóttist sjá um ráðninguna og meta hina hæfustu.

Það síaðist út að sá sem ráðinn var, hafi ekki verið með bestu menntunina og líklegastur til afreka. En hann var góður og gildur Sjálfstæðisflokksmaður og þar að auki ættstór á vestfirskan mælikvarða. Auðvitað fékk hann starfið og gengið frá því gegnum símtól af flokksbróður hans.

Þetta var enn ein staðfesting á því að hvorki menntun né reynsla gildir þegar stöduveitingar á Vestfjörðum eru annars vegar. Þetta vita þeir sem vilja vita og er ein ástæðan fyrir því að fólk fækkar á Vestfjörðum. Þetta heitir pólitísk spilling og eitthvað sem er viðtekið á Vestfjörðum. Þess vegna dettur engum sæmi-

lega menntuðum Vestfirðingi fyrir sunnan í hug að fara aftur vestur að hyggja á einhvern framgang í starfi þegar slíkt er háð pólitískum klíkuskap eða viðveru í frímúrarareglunni á Ísafirði. Þetta heitir spilling á mannamáli og blómberanlegu fólki dettur ekki í hug að snúa aftur í pólitískt spillingarbæli sem Vestfirðir eru þrátt fyrir allt. Það er bara svona.

Og þetta er alveg bölvæð fyrir framgang og framþróun Vestfjarða að sjaldan sé lítið til annars en veru hlutaðeigandi í stjórnmalaflokk eða ætternis þegar valið er í ábyrgðarstörf. Vestfirðir mega ekki við þessu og ekki heldur því að færar og menntaðar konur séu nánast útilokaðar frá stöduveitingum sem þykja eftirsóknarverðar og fá metnaði sínum fullnægt. Þær leita einfaldlega ekki á Vestfjarðamið nema einu sinni.

Á Vestfjörðum ríkja enn þá gömlu gildin og mannfjöldatölur hagstofunnar verða eftir því.

Finnbogi Hermannsson  
Útvarpsmaður og fréttamaður  
í Hnífsdal



**HÚSASMÍÐJAN**  
HLUTI AF BYGMA

# SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

**60**  
ÁRA  
1956 - 2016

Húsasmiðjan fagnar  
60 ára afmæli

Skoðaðu öll tilboðin í  
Húsasmiðjublaðinu



SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

**49.990** kr  
~~59.990~~

**Broil King Royal 320**  
3 ryðfriir brennarar: 8,8 kW/h  
Grillgrind úr pottjárni  
Grillflötur: 38 x 67 cm  
3000604

GRILL  
MIKID ÚRVAL!  
Broil King  
weber



20%  
afsláttur

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

**15.900** kr  
~~19.900~~

**Gasgrill**  
Outback Omega 100.  
2ja brennara. Grillflötur: 50x36 cm  
3000226



Gerðu verð-  
og gæða-  
samanburð!

**43.900** kr

**Author Matrix 24"**  
18 gira Shimano Revoshift skipting.  
3901305/13

**EVROPSKT  
GÆDAMERKI**



40%  
afsláttur

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

**1.458** kr  
~~2.429~~

**Malarskófla  
Union**  
5082510



28%  
afsláttur

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

**9.995** kr  
~~13.995~~

**Hleðsluborvél**  
12V og tvær rafhlöður  
5245999



21%  
afsláttur

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

**12.995** kr  
~~16.595~~

**Háprystidæla Nilfisk**  
105 bör, 440 l/klst  
5254249



22%  
afsláttur

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

**959** kr  
~~1.279~~

**Greinaklippur**  
7"  
5084732



37%  
afsláttur

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

**9.995** kr  
~~15.995~~

**Topplyklasett**  
73 stk.  
1/2"-1/4"  
5052569



**Rafmagnshekkklippa**  
520W, 46 cm blað,  
klippigeta 16 mm  
5083756

**6.495** kr



## SÚPERTILBOÐ BLÓMAVALS



**Pflanzengras  
PROMIX  
BLANDING**  
Grasfræ 1 kg  
**1.490** kr  
~~1.790~~ kr



**Mold 45 ltr.**  
**799** kr  
~~999~~ kr



**Sýpris ca. 100 cm**  
**1.499** kr  
~~2.490~~ kr



**Mosaeyðir**  
**3.990** kr  
~~4.990~~ kr

20%  
afsláttur



**VORID ER  
KOMID**  
blómaval



**Útgefandi:** Athafnagleði ehf., kt. 690715-0740  
**Afgreiðsla og ritstjórn:** Mánagötu 2, Ísafirði, sími 456 4560  
**Ritstjóri BB og bb.is:** Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is  
**Abyrgðarmaður:** Bryndís Sigurðardóttir.  
**Blaðamaður:** Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is  
**Auglýsingar:** Sími 456 4560, auglysingar@bb.is  
**Prentvinnsla:** Litróf ehf.  
**Upplag:** 2.200 eintök  
**Dreifing:** Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum  
**Stafræn útgáfa:** www.bb.is / facebook.com/pages/bbis  
**Önnur útgáfa:** Á ferð um Vestfirði  
 ISSN 1670-021X

**Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfundum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.**

## Ritstjórnargrein

# Að gjalda keisaranum sitt

Þá flýgur fjórtánda tölublað Bæjarins besta um héröð og er að mestu leyti hefðbundið. Krossgátan á sínum stað og viðtalið sem að þessu sinni er við ungan fjölskyldumann sem fluttist vestur og stýrir nú Vesturferðum. Í blaðinu er stutt viðtal við Höllu Tómasdóttur forsetaframbjóðenda sem kom vestur á dögum. Aðrir frambjóðendur sem skella sér á Ísafjörð munu eiga svona innskot í blaðið fram að forsetakosningum.

Enn er allt í uppnámi í þjóðfélaginu, enn er Austurvöllur fullur af fólki og ennþá er bullandi vantraust. Eru núverandi stjórnvöld best til þess fallin að aflétta höftum, stjórnvöld sem ekki eru aðeins rúin trausti á Íslandi heldur eru aðhláturfefni um veröldina víða? Geta þannig stjórnvöld gert samninga við erlenda aðila og treysta landsmenn því að almannahagsmunir séu hafðir að leiðarljósi? Trúum við stjórnáráðmönnum sem í einu orðinu verja skattaskjólsværuna en í öðru orði fordæma? Ragnar Reykás hefur sjaldan verið talinn traustvekjandi þó skemmtilegur geti hann verið. Treystum við þessum stjórnvöldum til að einkavæða banka eða koma fyrirtækjum ríkisins í verð? Sumir gera það en stærstur hluti þjóðarinnar gerir það ekki.

Talsverðar umræður eru um það að þeir ráðherrar sem nafngreindir eru í Panama skjölunum birtu skattframtöl sín og sanni þannig að þeir hafi staðið skil á sínu. Það er í sjálfu sér gott og blessað en breytir þó ekki því að þeim datt í hug að flytja peningana sína í skattaskjól og skammta sér skatta sjálfum, það er ófyrirgefnalegt. Það að segja engum frá og gefa ekki upp hagsmuni sína er annar ófyrirgefnalegur glæpur, það er grundvallaratriði að stjórnáráðmenn leyni engu. Vonandi gerðu þessir aðilar grein fyrir eignum sínum og tekjum og greiddu af þeim skatt og auðvitað eðlilegt að þeir sanni það fyrir þjóðinni, minna má það nú ekki vera. Við sem höfum frá unglingsaldri unnið myrkranna á milli, samviskusamlega golið keisaranum sitt og barist við verðbólguhrauginn sem nærður er af hundlélegri hagstjórn sérhagsmunaafla, sættum okkur ekki við þetta rugl lengur. Við áttum engar eignir útlöndum sem margfölduðust í hruninu, bara skuldir sem urðu mörgum ófyrirgefnalega háar.

Tökum gildi þjóðfundarins til kostana, heiðarleiki, jafnrétti, virðing og réttlæti, þá mun okkur betur farnast.

BS

## Spurning vikunnar

**Telurðu að sátt muni ríkja um nýja ríkisstjórn undir stjórn Sigurðar Inga?**

**Alls svöruðu 491.**

**Já, sögðu 161 eða 33%**

**Nei, sögðu 330 eða 67%**

*Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.*

# Heiðarleiki, virðing, réttlæti og jafnrétti



**Halla Tómasdóttir.**

Halla Tómasdóttir rekstrarhagfræðingur ólst upp í Kópavogi en á ættir sínar að rekja til Vestfjarða. Hún hefur komið víða við í atvinnulífnum en starfar núna sem fyrirlsari á alþjóðavettvangi. Halla kom vestur á dögum til að kynna sig og framboð sitt til forseta Íslands og Bæjarins besta náði stuttu spjalli við hana.

Halla er þekkt athafnakona, hún kom að uppbyggingu Háskólans í Reykjavík og var önnur stofnenda Auðar Capital en það er fjármálafyrirtæki sem var stofnað vorið 2007.

Í því pólitíska umröti sem verið hefur undanfarna daga er ekki úr vegi að spyrja hana hvort tengsl hennar við fjármálageirann verði henni ekki til trafala, svona í ljósi skattaskjólshneyksla og uppljóstrana. Halla telur það ekki vera og segir að hennar ástríða hafi ávallt verið að innleiða betri grunnildir hjá fyrirtækjum og það hafi hún líka viljað gera í fjármálageiranum þar sem hún taldi ekki síst þörf á slíku framtaki. Halla var framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs frá 2006–7, en sagði upp starfi sínu þar til að stofna Auði Capital með Kristínu Pétursdóttur. Markmið þeirra var að koma með önnur gildi og mannlegri nálgun inn í fjármálageirann. „Við ætludum að koma með kvenlégari nálgun inn í fjármálageirann og lögðum áherslu

á „abyrga arðsemi“, því við vildum taka með í reikninginn áhrif okkar á samfélag og umhverfi og líklega innleiddum við nýtt orð í tungutakið í fjármálageiranum þegar við töluðum fyrir áhættumeðvitund, orð sem enginn var að tala um árið 2007“.

Aðspurð segist Halla aldrei hafa ráðlagt nokkrum að geyma fé sitt á Tortóla og sjálf hefur hún aldrei átt fé á aflandsreikningi. Auður Capital lagði áherslu á að hafa allt uppi á borðum með heiðarlegum hætti. „Fjármálakerfið hrundi ári eftir að við stofnuðum fyrirtækið en við stóðum það af okkur. Við fengum aldrei ríkisaðstoð, töpuðum engu fyrir okkar viðskiptavinum og það var að okkar mati mikið til vegna þess að við komum með önnur gildi og aðra nálgun inn í fjármálageirann.“ Halla hætti hjá Auði Capital árið 2013 og hefur síðan verið virkur þátttakandi í alþjóðlegum umræðum um heilbriggt fjármálakerfi, en hún telur ótækt að fjármálakerfið liggi sem mara á raunhagkerfinu. „Ég er búin að vinna allskonar störf frá því ég var ung stelpa, var í fiski á Neskaupstað og á Djúpavogi, í sveit í Skagafirði, var kennari og hef unnið fjölbreytt störf í atvinnulífnum, en hvergi hefur mér fundist eins erfitt að næra sjálfa mig eins og í fjármálageiranum.“

Halla var líka ein af stofnendum Maurabúfunnar sem hrinti í framkvæmd Þjóðfundinum árið 2009 þar sem grunnildir samfélagsins voru rædd en það er augljóst að Halla brennur fyrir breyttum grunnildum, hún segist vilja sjá meira gegnsæi og heiðarleika. „Mikilvægasta verkefnið nú er að berja í samfélagsbrestina og trúnaðarbrestinn.“

Forsetaframbjóðandinn er búinn að kynna sér drögin að nýrri stjórnarskrá og styður þau, líka þann hluta sem snýr að hlutverki forsetans. En hún áréttar að forsetinn skuli starfa eftir gildandi stjórnarskrá og eigi í sjálfu sér ekki að beita sér fyrir breytingum á henni. „Fyrst og fremst er ég fylgjandi skýrum leikreglum.“

Sem forseti myndi Halla virða línuna sem er á milli verkefna alþingis og verkefna forseta og hún myndi strax setja vinnureglur til að koma í veg fyrir ógegn-sæjar geðþóttaákvæðanir. Halla sér fyrir sér Bessastaði sem vettvang samræðu í samfélaginu, þar væri hægt að leiða saman ólík sjónarmið áður en mál eru sett í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Forsetinn á að vera umbreytingaleiðtogi, talsmaður framtíðar, móta framtíðarsýn þjóðarinnar með þjóðinni. Og Halla telur ekki að forseti geti talað fyrir annarri utanríkisstefnu erlendis en þá sem alþingi hefur ákveðið en forseti geti beitt sér, bæði í ræðu og riti, fyrir jafnréttismálum, menntamálum og frumkvæði og sköpun. Hún segir forsetann hafa þrjú hlutverk, í fyrsta lagi að sameina og sætta, í öðru lagi vera öryggisventill en með skýrar vinnureglur og í þriðja lagi að vera talsmaður bæði hérlandis og á alþjóðlegum vettvangi.

Umhverfismál og rammaáætlun er einmitt málefni þar sem gott væri að beita samtalsaðferðinni, það er vont að hafa endalaust stríð um svona mikilvægt málefni. Hér gæti þjóðfundur verið vettvangur fyrir samræðuna og fyrir honum ætti forseti að standa. „Átakaumræðan hentar ekki fyrir þau stóru mál sem varða framtíð okkar allra, það þarf að leita eftir því sem sameinar.“

Við Íslendingar erum gott fólk og við viljum búa í góðu samfélagi segir Halla Tómasdóttir forsetaframbjóðandi að lokum.

# Atvinna

## Starfsmaður í Bolungarvík

Arnarlax HF er ört vaxandi laxeldisfyrirtæki með höfuðstöðvar á Bíldudal.

Fyrirtækið hefur tilkynnt til Skipulagsstofnunnar framkvæmd á tveimur svæðum í Ísafjarðadjúpi og hefur verið ákveðið að fara með þær framkvæmdir í umhverfismat.

Ákveðið hefur verið að byggja upp aðstöðu fyrir starfsemi félagsins í Bolungarvík.

Óskum við eftir starfsmanni til að vinna að undirbúningi fyrir uppbyggingu félagsins, umsóknir leyfa, vinna með verkfræðistofu í matsferlinu ásamt öðrum verkefnum sem til falla.

Arnarlax gerir þá kröfu að starfsmenn félagsins búi á svæðinu.

Nánari upplýsingar gefur Víkingur Gunnarsson í síma 456 0100

eða e-mail [vikingur@arnarlax.is](mailto:vikingur@arnarlax.is)

## Bíldudalur sumarafleysingar á sjó

Óskað er eftir starfsmanni með smábátaréttindi 12,5 metrar til að sinna fóðrun á sjó frá Bíldudal. Um er að ræða afleysingar í sumar.

Nánari upplýsingar gefur Garðar Sigþórsson í síma 456 0100

eða e-mail [gardar@arnarlax.is](mailto:gardar@arnarlax.is)



Langahlíð 1  
465 Bíldudal  
[arnarlax@arnarlax.is](mailto:arnarlax@arnarlax.is)

## Ásgeir Höskuldsson framkvæmdastjóri Vesturferða



# „Maður getur yfirleitt meira en maður heldur“

Það er svo merkilegt hvernig Ísafjörður virðist oft laða til sín sanna heimsborgara. Fólk sem þekkir vel hinn fagra túnfót fjarðanna, jafnvel verið hér kynslóð fram af kynslóð tekur opnum örmum heimshornaflökkurum, sem finna sig í þessu litla samfélagi sem kúrir í fjallasalnum, hér um bil eins langt og hægt er að komast frá stórborgarinnar ys og glaumi.

Ásgeir Höskuldsson er framkvæmdastjóri Vesturferða á Ísafirði. Hann hefur verið búsettur á Ísafirði frá því í lok árs 2014 og komið sér vel fyrir með fjölskyldunni sem telur ásamt honum eiginkonuna, lýðheilsufræðinginn Dögg Árnadóttur og börnin þrjú: Lenu sem fædd er 2004. Rökkva sem fæddist 2010 og Myrru sem fædd er 2013.

Geiri, eins og hann er yfirleitt kallaður hefur komið víða við, í mörgum skilningi. Hann flutti með fjölskyldu sinni til Englands átta ára gamall og nokkrum árum

seinna fluttu þau í lítinn strandbæ í Frakklandi, þar sem þau bjuggu í fjögur ár, áður en haldið var aftur til Englands. Til Íslands kom hann aftur 16 ára er hann tók við stjórntaumum í eigin lífi og hóf skólagöngu við Menntaskólann á Akureyri. Síðan þá hefur hann prófað búsetu á nokkrum stöðum á landinu og mátað sig við grunntatvinnuvegi þjóðarinnar: Fiskvinnslu, landbúnað og ferðaþjónustu, ásamt því að hafa unnið stóran hluta fullorðinsáranna við markaðssetningu og að byggja upp veldi Nikita, sem á sínum tíma var leiðandi fyrirtæki í snjóbrettafatnaði í heiminum.

### Æskuárin í hinum stóra heimi

Geiri er fæddur í Reykjavík og þar bjó hann til átta ára aldurs er fjölskyldan fluttist búferlum til Englands. „Við bjuggum í Hull, en pabbi var í mastersnámi í Henley, þar sem hann skrifaði um útrás íslenskra sjávarútvegsfyrir-

tækja inn á Evrópumarkað og í kjölfarið opnaði hann skrifstofu íslenskra sjávarafurða í Frakklandi og fluttum við þangað þegar ég var 10 ára og vorum við þar í fjögur ár, en þá bauðst honum vinna sem sölu og markaðsstjóri Íslenskra sjávarafurða í Evrópu og þá fluttum við aftur til Englands.“

Í Frakklandi kynntist Geiri skólakerfi talsvert frábrugðnu því sem við eigum að venjast hér á Fróni, jafnvel þó tekið sé með inn í reikninginn tíminn sem liðinn er frá því hann var þar. Hann gekk í kaþólskan einkaskóla og hóf hann nám í síðasta bekk barnaskóla samkvæmt franska kerfinu þegar hann var 10 ára.

„Við vorum þarna 30 tíu ára strákar saman í bekk, sem auðvitað bauð upp á allskonar útrás og vesen. Skólastjórinn, sem var pínulítill kona, var að kenna bekknum. Fyrsta daginn minn mætti ég og vissi ekkert hverju

ég mátti eiga von á. Einn strákurinn í bekknum hrækti á gólfið og hún labbaði upp að honum og lamdi hann og setti hann svo í ruslatunnuna aftast í bekknum þar sem hann fékk að dúsa það sem eftir lifði tímans. Ég man ég hugsaði með mér „í hvað er ég eiginlega kominn?“ Ég fór heim og greindi foreldrum mínum frá þessu og þau töluðu við skólafyrirvöld og sögðu þeim að það tíðkaðist ekki á mínu heimili að ég væri laminn og þau vildu helst ekki að annað fólk væri að lemja mig. Svo ég var ekki laminn í skólanum, en það tíðkaðist þar að strákarnir voru slegnir utan undir eða lamdir á hendurnar.“

Í franska skólanum kynntist Geiri aga sem hann hafði ekki áður þekkt og löngum skóladögum, sem meira að segja gátu lengst af völdum eftirsetu, sem var ekki óalgeng. Alla virka daga var skóladagurinn langur og ekki nóg með það, heldur var einnig kennt á laugardögum.

Þegar fjölskyldan fluttist til Englands aftur var komin talsverð uppreisn í unga manninn, sem þvertók fyrir að fara aftur í einkaskóla, þrátt fyrir að annað tíðkaðist ekki í vinnahópi fjölskyldunnar. Það varð úr að síðustu tvo vetur grunnskóla sat hann í almenningsskóla í Hull. Reyndar kom hann svo vel skólaður frá Frakklandi að hann var námslega um tveimur árum á undan samnemendum sínum sem gerði það að verkum að hann þurfti eiginlega ekkert að læra þessa síðustu tvo vetur.

Félagslegt umhverfi þar var talsvert frábrugðið því sem hann átti að venjast. Í Frakklandi æfði hann íþróttir og umgekkst sinn vinnahóp, en í Englandi átti hann talsvert erfitt uppdráttar innan skólans til að byrja með og varð fyrir einelti af hálfu skólafélanna. En þetta var fyrir tíma stefnumótunar í eineltismálum og mátti hann gjöra svo vel að finna leið út úr þessu sjálfur.



Geiri og Dögg með börnin Þrjú, Lenu, Rökkva og Myrru.

„Þarna voru iðulega handalög-mál í frímínútunum og gamall íslenskur sjómaður sagði mér að ég ætti bara að fara strax og kýla stærsta strákinn, sem ég gerði, og var látinn í friði eftir það.“

#### Sendur í sóttkví í Hrísey

Þegar að Geiri ákvað að koma heim aftur, hált í hvoru fyrir tilstuðlan foreldranna byrjaði hann líkt og ferfætlingarnir sem hingað komu, með dvöl í Hrísey. „16 ára var ég sendur í sóttkví í Hrísey, þar sem ég fór að vinna í fiski og bjó á verbúð yfir sumarmánuðina – og lærði að drekka.“ Geiri hlær að minningunni og segist ánægður með að hafa náð í skottið á verbúðamenningunni sem ríkti hér á landi. Næsta stöpp var Menntaskólinn á Akureyri þar sem hann varði næstu fjórum árum. Hann segist reyndar fyrir dvölinu ekki hafa átt minningu um að hafa komið til Akureyrar, en það hafi ekki komið að sök. Dvölin reyndist góð.

Á menntaskólaárunum fór Ásgeir svo tvö sumur til Spánar þar sem hann lærði spænsku og eftir að skólanum lauk starfaði hann þar eitt sumar og fékk smjörþefinn af torfærum strætum markaðssetningar í alþjóða-umhverfi – eitthvað sem hann kynntist betur síðar.

„Sumarið eftir stúdentspróf fór ég til Madrid, þar sem ég

fékk vinnu við að markaðssetja ferskan, íslenskan fisk á Spánar-markað, sem ég hafði hvorki getu né kunnáttu til. Þetta var týpísk „pabbi-togar-í-spotta-vinna“ og hljómaði auðvitað mjög vel, 4–5 mánuðir á Spáni.

Þetta var á mörkum tíma Internetsins, svo starfið var fólgið í að bíða eftir faxi frá Íslandi með verðunum frá fiskmörkuðunum og reikna þau yfir í pesóa og áframsenda þau síðan á einhverja kúnna, þar sem ég reyndi að selja spænskum fiskvinnslum og sjómönnum fisk sem var miklu dýrari en annar fiskur þar sem hann þurfti að koma með flugi frá Íslandi.“ Það er skemmst frá því að segja að í þessu fína starfi seldi Geiri heil 40 kíló af fiski yfir sumarið og ofan á slaka sölu bættist villa við útreikninga á gengi sem gerði það að verkum að þessi eina sala kom út í tapi.“

#### Bændurnir hlógu að tilburðunum

Eftir þessa frægðarför var stefnan sett á sjómennsku við Íslandsstrendur, sem Geiri taldi auðsótt mál, enda víða með sambönd, það fór þó ekki svo og enginn kannaðist við að hafa lofað honum pláss. Honum var þó reddað starfi sem verkstjóri hjá ÚA, sem var ekki eins arðbært og hann hafði vonast til og

eftir nokkurra mánaða dvöl á Akureyri fór hann á loðnuvertíð í Vestmannaeyjum.

„Ég mætti til starfa í Vinnslustöðinni og skyndilega var ég staddur í verbúðinni úr Nýju lífi og á móti mér tekur eldri maður með hárkollu og tvo Chiuaua hunda sér við hlið, hann átti svo að auki konu sem var dvergur. Mér varð ljóst að þarna var ég kominn í afar sérstakar aðstæður. Hann sýnir mér herbergið mitt, þar sem ekkert var innanstokks nema vaskur og skápur og ég spyr hvort ekki sé neitt rúm. Þá var mér bent á herbergi fullt af stálgrindum og heróindýnum og náði ég að tjasla saman rúmi úr því skásta sem ég fann. Þegar komið var fram á kvöld og ég loks búinn að koma mér fyrir þá hugsaði ég með mér „Æ þetta gæti nú verið verra. Ég er þó allavega einn í herbergi.“ Um miðnætti er barið á dyrnar og fyrir utan finn ég krúnurakaðan náunga, með getto-blaster og í leðri frá toppi til tópa og var þar kominn herbergisfélagi minn. Hann var rasisti, svo hann var alltaf að lenda í slagsmálum við útlendingana á verbúðinni, þannig að reglulega var hurðinni að herberginu okkar sparkað upp.“

Bullandi vertíð var í gangi og nóg að gera. Geiri var í löndunargöngu með heimamönnum,

sem hann ber vel söguna. Síðan lauk vertíðinni og með fullu vasa fjár kom hann til Reykjavíkur úr sjálfsskipuðu vinnuútleiðinni þar sem sólarhringurinn gat teygst sig upp í 36 tíma. Þar eyddi hann mestri hýrunni í vitleysu áður en hann hélt austur á land í nýtt ævintýri.

„Ég var að deita stelpu að austan og pabbi hennar reddaði mér vinnu á kúabúinu þeirra fyrir utan Egilsstaði. Ég hafði ekkert umgengist dýr og fannst bændum oft fyndið að fylgjast með tilburðum mínum við verkin.“

Fyrir austan var hann í sex mánuði og til viðbótar við landbúnaðarstörf, kynntist hann ferðaþjónustustörfum í vinnu fyrir Flugfélag Íslands og sem barþjónn á Lagarfljótsorminum, báti sem sigldi upp og niður Lagarfljótið. Þegar þarna var komið sögu hafði Geiri kynnst grunnatvinnuvegum þjóðarinnar og fannst komið gott af bröltinu í bili og ákvað að fara í háskóla. Það var viðskiptafræði við til- tölulega nýstofnaðan Háskóla Reykjavíkur sem varð fyrir valinu, þar sem hann entist einn og hálfan vetur, en fann sig ekki með nokkrum hætti.

#### Snjóbreittaæðið og ástin

Eftir HR ævintýrið, ákvað Geiri að fara aftur til Akureyrar. Hann fann sig ekki í

höfuðborginni og velti fyrir sér hvað hann gæti gert í höfuðstað Norðurlands til að geta búið þar. Ferðamálafræði við Háskólann á Akureyri varð fyrir valinu. Skömmu áður en Geiri flytur til Akureyrar hittir hann fyrst Dögg, konuna í lífi hans, sem þar bjó á þessum tíma.

„Einhver sunnudaginn vorum við vinirnir afar þunnir að horfa á sjónvarpið og þar sé ég viðtal við þessa stelpu og leist alveg rosalega vel á hana. Viku seinna er ég staddur fyrir norðan í stúdentaþúð hjá vini mínum þar sem talið berst að stelpunni, sem vildi svo heppilega til að var búsett tveimur hæðum ofar. Við drukkum í okkur kjark og fórum upp til hennar, sem endaði í alveg hryllilega vandræðalegri heimsókn.“ Það kom þó ekki að sök, eftir að Geiri flytur norður fara þau að hittast og skömmu síðar hefja þau sambúð og ekki leið á löngu þar til fyrsti erfinginn boðaði komu sínu.

Á uppvaxtarárunum í Frakklandi hafði Geiri kynnst snjóbreitaiðkun, sem var á þeim tíma algjörlega framandi sport í augum Íslendinga og hefur hann haldið þeirri iðkun áfram allar götur síðan. Lífið á Akureyri fór því fram að stærri hluta uppi í fjalli við breitaiðkun og í skemmtanalífínu en í skólanum. Hann kynntist mikið af breitai-



### Í starfi markaðsstjóra Nikita.

fólki, sem þá var að stíga sín fyrstu skref í sportinu, en átti síðar eftir að fara út í atvinnu-mennsku og næstu ár vann hann til að mynda með þeim þrjár kvikmyndir um brettaíðkun og gerðist formaður í Brettafélagi Íslands, þar sem hann stóð fyrir alls kyns brettatengdum viðburðum.

Geira var svo boðið starf fyrir sunnan, sem hann þáði og fór að vinna við sölu og markaðs-setningu á lífsstílsvarningi fyrir brettafólk en hélt áfram bretta-stússinu á hliðarlínunni. Hann fann sig í starfinu og þremur árum seinna tók við eitt stærsta ævintýri lífs hans.

### Nikita-ævintýrið

„Vinafólk mitt Rúnar Ómars-son og Heiða Birgisdóttir, ráku brettaverslun í Reykjavík og voru einu aðilarnir sem ráku brettaverslun af einhverju viti. Mér fannst þau alltaf vera að gera frábæra hluti. Árið 1999 stofna þau fyrirtækið Nikita, fyrirtæki sem sérhæfði sig í brettavarni og fatnaði fyrir stelpur. Árið 2006 bendir Dögg mér á að þau séu að auglýsa eftir markaðsfulltrúa. Ég var alveg ákveðinn í að ég ætlaði að fá þessa vinnu og gerði allt sem ég gat til þess. Ég fékk vinnuna og allt í einu var ég aftur kominn inn í alþjóðlegt sölu- og markaðsumhverfi, sem ég hafði þó kannski ekki mikið vit á.“

Tveimur árum síðar er hann búinn að kljúfa metorðastigann og orðinn markaðsstjóri fyrirtækisins og vann hann hjá Nikita í 8 ár. Fyrirtækið naut á þeim tíma

„leiðinlegu“ gaurunum í fyrirtækinu sem voru sífellt að benda á nýju fót keisarans.

Á sama tíma og á þessum öra vexti átti að standa var skorið niður og farið algjörlega gegn upphaflegri stefnu fyrirtækisins. Allt snérist um gróf og pappíra og starf mitt snérist um að réttlæta af hverju við gerðum það sem við vorum að gera í Power point eða Excel, ásamt því að reyna að útskýra fyrir yfirmönnum mínum hvað Nikita var, sem var vel skilgreint. Þeir voru ekki að ná þessu og sífellt að draga úr starfseminni á Íslandi og á endanum farið að bjóða þeim sem eftir voru hér störf við fyrirtækið í útibúum þess í München og Portland. Mér var boðið að gerast vörumerkjastjóri Amer í Portland og var ég kominn ansi langt í samningaviðræðum um það þegar ég áttaði mig á að ég treysti þessu fyrirtæki ekki nógu vel til að flytja fjölskyldu mína til Bandaríkjanna til að vinna fyrir það. Svo þarna fór ég að hugsa um leið mína út úr fyrirtækinu og hafði samband við vini mína hjá Arctic Adventures og sagði að ég væri að hugsa mér til hreyfings, sem varð til þess að ég var ráðinn þar inn sem markaðsstjóri. Þar var ég svo þar til ég var ráðinn til Vesturferða.“ Arctic Adventures er einn stærsti endursöluaðili afþreyingar fyrir ferðamenn í Reykjavík og var Geiri þar kominn á fulla siglingu innan hins ört vaxandi ferðabransa.

„Þetta var rosalega mikið ævintýri og ég var mikið á ferðalögum við að kynna fyrirtækið á söluþingum út um allan heim. Andinn innan fyrirtækisins var frábær, þar starfaði ungt, svipað þenkjandi fólk og fyrirtækið á mikilli uppleið. Að starfa með Nikita var minn stærsti skóli.

Það fór að halla undan fæti hjá fyrirtækinu í kreppunni, enda dýrar lífstílsvörur fljótar að mæta afgangi þegar að kreppir að í fjárhagnum. Allt okkar viðskiptamódel var gírað inn á vöxt og það fór að ganga illa þegar hann var ekki fyrir hendi lengur. Þá var farið að leita leiða til að fá innspýtingu inn í fyrirtækið og ákveðið að selja það finnska risanum Amer sport sem var með vörur á borð við Salomon og Wilson.

Þeir byrjuðu svo á því að fara inn að DNA-rótum fyrirtækisins í upprætingu og sögðu upp helm- ingi starfsfólksins hér á landi. Ég fékk að vera áfram, en mér fannst þau ekki hafa hugmynd um hvað ég var að gera og fékk strax slæma tilfinningu fyrir þessu. Þarna vann fullt af einhverjum stjórnendum sem ég hafði í raun ekki hugmynd um hvað gerðu. Þau voru með hugmyndir um að láta fyrirtækið vaxa um 220% í veltu á nokkrum árum sem okkur fannst fullkomlega óraunhæft og urðum við Rúnar því fljótt að

### Glíman við þunglyndið

Geiri er þunglyndur. Hann segist sennilega hafa verið það síðan hann var barn, en áður hafi það meira verið afgreitt sem fýla, án þess að nokkur hafi beinlínis vitað af hverju hann var fúll. Hann segir að það hafi svo komið að þeim tímamarki sem ekki var hægt að horfa fram hjá því lengur.

„Þegar ég var að vinna hjá Arctic Adventures, þá horfðist ég í fyrsta sinn í augu við það að vera þunglyndur. Formlega greiningu hlaut ég haustið 2014 og var á kafi í því öllu saman þegar ég var að semja um starfið hér og var ég um hríð mjög tvístífgandi, þar sem ég var hreinlega ekki viss um að vera nógu andlega sterkur á þessum tímamarki til að fást við þetta. Ég var byrjaður að vinna í þessu öllu með sálfræðingi fyrir sunnan og kominn á gott ról. Svo kem ég hingað og allt er nýtt og spennandi og ég hætti að vinna í mér.

Síðan kom mikill álagstími síðasta sumar og ég tók í raun meira á mig en ég hefði kannski átt að gera og hlúði ekki að mér andlega. Við lok sumars hrynj ég og þarf að horfast í augu við að hafa ekkert verið að vinna með þunglyndið. Síðan þá hef ég verið mun virkari, hef tekið upp þráðinn aftur með sálfræðing-

um, stunda hugleiðslu, hreyfi mig meira og hef gert breytingar á matarræðinu, sem er allt að hjálpa.

Hingað til hef ég leitað að skyndilausnum en ég áttaði mig á að þetta er langhlaup. Það er í lagi að misstíga sig í þessu hlaupi og ég hef verið að fara tvö skref áfram og svo eitt afturábak, sem er líka í lagi því leiðin er fram á við. Þetta er ekki komið á neina endastöð, en það er mikilvægt fyrir mig er að vera opinskár með þetta og ég vil ekki að þetta sé neitt feimnismál frekar en fótbot.

Ég uppgötvaði í þessu ferli mína eigin fordóma gagnvart andlegum veikindum. Ég sem hafði alltaf gengist upp í því að vera töffari, var þarna allt í einu kominn með dæld í brynjuna og þurfti að svara því fyrir mig hvort það væri í lagi og hvort það væri í lagi að vinna með það.

Þunglyndi mitt birtist í mikilli sjálfsgagnrýni og mikilli hörku við sjálfan mig. Jafnvel þó hlutirnir séu að ganga mjög vel. Ég hef tekið gagnrýni illa, en hrósi hef ég tekið enn verr. Það nær ekki inn. Þegar ég fer inn í djúpt þunglyndi, þá er eins og ég sé að drukna. Ég sé ljósið og yfirborðið þarna einhversstaðar en ég er of dofinn til að nálgast það.

Þetta hefur oft tekið á og auðvitað reynir þetta á fjölskylduna mína og þá sér í lagi konuna. Ég er henni rosalega þakklátur því það að hún sætti sig ekki við hvernig hlutirnir voru, er stór þáttur í því að ég leitaði mér hjálpar. Það reynir sannarlega á einingar og sambönd að fást við svona.

Það kom mörgum á óvart þegar ég kom út úr skápnum með þunglyndið því eins og ég birtist þá virkaði ég sterkur einstaklingur, sem var búinn að prófa og upplifa margt. En svo getur bara verið bullandi hræðsla í gangi inni manni. Þess vegna finnst mér líka svo mikilvægt að tala um þetta, því andleg veikindi eru sannarlega ekki alltaf sýnileg og geta verið mjög lúmsk. Það er talað um að allt að 25% af hinum vestræna heimi glími við þunglyndi í einhverri mynd, svo þetta er mjög stórt vandamál. Þunglyndi hefur verið að aukast, en sem betur fer að sama skapi hefur þekkingin um meðferðir við því líka verið að aukast. Það er reyndar engin ein rétt leið, en mikilvægt að hver og einn finni sína leið.

Ég einangra mig í þunglyndinu og mikilvægt er að ég viðhaldi félagslegum tengslum. Ég ber ábyrgð á þessum sjúkdómi og ég er að vinna með hann. Ég held samt að einn minn stærsti lærdómur hafi verið að það er í lagi að gera mistök. Við þurfum ekki að vera fullkomin og mistök mín hafa sennilega kennt mér meira en velgengi mín.

### Eigum að horfa á það sem er heilt

Ég upplifði fólkíð hér mjög opið og til í að fá nýtt fólk inn í samfélagið. Ég hef bæði flutt til nýrra staða hér á landi sem og erlendis þar sem þetta gerist yfirleitt mun hægar. Fólk hérna er vant að standa saman og hefur lífið sennilega kennt þeim það allar götur síðan að landnemarnir námu hér land. Þetta mikla nábyli við náttúruna, fjöll og sjó, hefur mótað fólkíð hér. Fólkíð hér er bæði harðgert og skapandi og hefur þurft að vera það og það hefur þurft að gera hlutina sjálf. En í litlum samfélögum sem þessum getur meðvirkni líka fengið að grassera og það er mikið af bleikum filum sem enginn minnst á, ég held samt að með nýjum tímum þá erum við að verða æfðari í að tala um hlutina og vinna með þá eins og þeir eru, þó við eigum enn nokkuð í land.“

Ásgeir segist oft furða sig á kerfinu á Íslandi, bæði hversu litlum fjármunum er varið í andlega heilsu fólks, hversu kostnaðarsöm og óaðgengileg úrræði eru. Einnig furðar hann sig á stefnunni að horfa íðulega til þess sem brotið er og velta fyrir sér hvers vegna það er brotið í staðinn fyrir að horfa á það sem er heilt og skoða hversvegna það sé það.

„Ég er að nota þessar greiningar hjá mér og er að fylgjast með hvað það er sem lætur mér líða vel í stað þess að hafa fókusinn á því hvað lætur mér líða illa. Ég er að nota snjallforrit sem hjálpa mér við að skrá þetta.

Ég er farinn að greina betur þunglyndið. Þetta er ekki þannig hjá mér að ég súnkist niður í þunglyndi bara allt í einu, þetta gerist smátt og smátt og þá fá hlutirnir að grassera í einhvern tíma áður en ég er orðinn mjög þungur. Núna sé ég betur það sem er að gerast og finn hluti sem virka fyrir mig sem sporna við þessu. Eins kem ég upp einhverjum góðum vönnum í daglegu lífi, eins og að hreyfa mig, sem ég hef í gegnum tíðina yfirleitt verið duglegur við, en við að vinna mikið og vera með þrjú börn, þá var auðvelt að minnka það. Allar rannsóknir sem ég hef lesið mæla með hreyfingu og er hún að framleiða sömu boðefni og lyf eru að veita.

Ég þarf að halda heilanum í mér gangandi og vera skapandi, ég geri það markvisst ásamt því að stunda hugleiðslu. Ég nota smáforrit sem hjálpar mér við þetta sem heitir Head Space og einnig nota ég forrit sem heitir Habit bull, sem hjálpar mér við að koma upp jákvæðum venjum í lífinu.“

Það má segja frá því að Ásgeir er þátttakandi í ljósmyndaverkefninu „Faces of depression“ sem finna má á Facebook og er nú stefnan sett á að gera heim-



Ásgeir með foreldrum sínum Höskuldi Ásgeirssyni og Elsu Þórisdóttur sem heldur á Ingu Rós. Myndin er tekin við útskrift föður hans.





### Í Hrafnfirði.

ildar- og fræðslumynd byggða á verkefninu.

#### 5 manna fjölskylda flytur Vestur

Dögg sá að mestu um heimilis-haldið á meðan að Geiri var í útrásinni með Nikita og þegar að hægðist aðeins um og fjölskyldan fékk færi á að skoða aðeins sinn gang, segir Geiri að þau hafi upplifað sig föst í borginni, með fasteignalán og tæplega réttlætlanlegt að stækka við sig, sem myndi gera það að verkum að þau þyrftu bæði að vera úti á vinnumarkaðinum af fullu afli,

bara til þess eins að hafa þak yfir höfuðið og aðrir sæju þá um börnin þeirra á meðan, sem Geiri segir að ekki hafi samræmst hugmyndum þeirra á nokkurn hátt.

„Dögg er frá Kirkjubæjarklaustri og ég rótlaus í grunninn og vorum við búin að gæla við þá hugmynd lengi að flytja út á land. Bæði til þess að hægja á lífi okkar og leita meiri lífsgæða í formi okkar sem fjölskyldueiningar og samvista við börnin okkar. Líka þá kannski að geta búíð sterra, án þess að vera þræll kerfisins. Ég hef aldrei almennilega fundið taktinn í Reykjavík, þegar ég hef

búið þar, en finnst fínt að koma þangað í heimsókn. Á Íslandi hef ég alltaf fundið mig betur úti á landi. Niðurstaðan varð allavega sú að við ákváðum að koma til Ísafjarðar. Mér finnst frábært að þetta starf hafi verið í boði og gert það að verkum að fimm manna fjölskylda gat flutt á Ísafjörð.“

Ásgeir tók við sem framkvæmdastjóri Vesturferða á haustmánuðum 2014, en að fyrirtækinu standa 62 hluthafar og er kerfið byggt á því að skrifstofan sinni sölu- og markaðshlutverki fyrir marga aðila innan svæðis.

„Það eru margir í ferðaþjón-

ustu sem ekki hafa bolmagn í að vera með starfskraft allan ársins hring og því mjög gott fyrir þá að geta nýtt sér þessa þjónustu og þekkingu í það. Allir okkar helstu viðskiptaáðilar eru utan svæðis, annað hvort hér á landi eða erlendis og getum við með þeim hætti sótt fjármagn út fyrir svæðið og dreift því til aðila inn á svæðinu.

Líkt og með skemmtiferðaskipin, sem ég hef kynnst bæði í störfum fyrir norðan og sunnan. Þar eru fáir aðilar sem skipta fjármagninu á milli sín, en hér er trafikinni dreift á milli staða svæðisins og borgað er fyrir þjónustu á öllum þeim stöðum sem við stoppum og erum við stærsti kúnni þessara þjónustuaðila. Það er mjög mikilvægt í bransa þar sem oft er litið á þessa tegund ferðaþjónustu sem nokkurs konar arðrán að geta haft þetta svona og dreift fjármagninu – sem mér finnst afskaplega gott viðskiptamódel og vil halda áfram með það inn í almennu söluna.

Mín sýn fyrir Vesturferðir er að byggja upp gott, sjálfbært fyrirtæki sem styður við ferðaþjónustu á svæðinu og er ekkert endilega að hugsa um einhverja brjálada útrás. Íslendingar þekkja ýmsar útrásir af eigin raun í sögunni og ferðaþjónustan má ekki vera enn ein útrásin sem er bara einhver skammtíma gróði fyrir einhverja örfáa aðila. Ég vil að það verði eitthvað hér eftir, með peninga sem aukaafurð en ekki sem meginforsendu. Ég vil sjá ferðaþjónustuna vinna samkvæmt því.

„Það eru vissulega mörg tækifæri á Íslandi og við erum fljót að finna við vera mest og best í öllu. En ef við horfum heildrænt á ferðaþjónustu á Íslandi þá erum við á mörgum sviðum ekki að standa okkur nógu vel þegar kemur að þjónustu og upplifun – en náttúruna höfum við fram yfir flesta staði. Við höfum einfaldlega ekki verið að standa okkur nógu vel gagnvart fólkinu sem starfar á „gólfinu“, sem í gegnum störf sín skilar þessari upplifun til ferðamanna. Það er eins og við reynum að eyða sem minnstum tíma og pening í þá stétt. Sem gerir hvað að verkum? Það skilar sér í slakari upplifun.

Við erum vertíðarþjóð og virðumst oft eiga erfitt með að sjá hlutina fram í tímann. Það er ekki mörg fyrirtæki á Íslandi sem vinna með sýn langt fram í tímann – ekki einu sinni fyrirtækið Ísland. Það er alltaf verið að vinna í ársfjórðungum eða ári, til að réttlæta tilvist sína. Það þarf dugnað og þor til að gera hlutina öðruvísi og oft þarf fólk að vera skapandi og stundum svolítið skrýtið, sem er fullt af úti á landi, þar sem fólk þorir og þarf jafnvel að gera hlutina á nýjan hátt.

Mér finnst alveg frábært hvað nýjar hugmyndir sem koma frá hjartanu fá oft gott brautargengi á Vestfjörðum. Með það að leiðarljósi hef ég yfirleitt unnið og það hefur virkað vel. Svo er það líka þannig að maður getur yfirleitt meira en maður heldur og það er það sem ég reyni að innræta hjá börnunum mínum. Oftast er það eigin ótti eða fordómar sem halda aftur af okkur og það þýðir ekki alltaf að treysta á þennan vöxt sem núna er, því ekkert vex að eilífu og það kemur alltaf að samdrætti í einhverju formi.

Þegar fyrirtæki vaxa of hratt er sú hætta fyrir hendi að þau missi sjónar á markmiðum sínum og tilgangi og láti stjórnast af markaðinum og kröfum hans, í stað þess að staldra aðeins við og leyfa sér að vaxa lífrænt. Það er ekkert að því að græða pening ef forsendurnar eru réttar, við höfum samt verið svo mikið að horfa til þess að fyrirtæki séu alltaf að hámarka arð sinn og hafa mikinn vöxt. Ég held að í öllum kerfum hafi því miður gleymst að taka með faktorinn „græðgi“ sem gerir það að verkum að á endanum hætta þau að þjóna þeim sem þau eiga að vera að þjóna.

#### Það þarf dugnað og þor til að gera hlutina öðruvísi

Við þurfum að standa vörð um ferðaþjónustuna, líkt og Hornstrandafriðlandið. Sem er eitt af fáum svæðum í Evrópu þar sem er að finna friðaða, ósnortna náttúru, ég er ekki að tala um að við þurfum að koma upp einhverju kerfi fyrir næsta rekstrarár eða fjögur ár fram í tímann, heldur þurfum við að horfa 50–100 ár fram og ef eitthvað þá myndi ég bara vilja sjá Vestfirði alla friðaða að einhverju leyti eða gerða að þjóðgarði. Það eru fjölmörg dæmi, frá Norður Ameríku til að mynda, þar sem stór svæði eru þjóðgarðar og hafa búsetusvæði og iðnað innan þeirra. Það þarf allt að geta lifað saman. Vegna smæðar Íslands og smæðar Ísafjarðar er vel hægt að keyra í gegn svona breytingar. Þegar kemur að sjálfbærni í ferðaþjónustu og framtíðarsýn getum við svo vel verið fyrirmynd og það þýðir ekki alltaf að treysta á þennan vöxt sem núna er, því ekkert vex að eilífu og það kemur alltaf að samdrætti í einhverju formi.

Þegar fyrirtæki vaxa of hratt er sú hætta fyrir hendi að þau missi sjónar á markmiðum sínum

og tilgangi og láti stjórnast af markaðinum og kröfum hans, í stað þess að staldra aðeins við og leyfa sér að vaxa lífrænt. Það er ekkert að því að græða pening ef forsendurnar eru réttar, við höfum samt verið svo mikið að horfa til þess að fyrirtæki séu alltaf að hámarka arð sinn og hafa mikinn vöxt. Ég held að í öllum kerfum hafi því miður gleymst að taka með faktorinn „græðgi“ sem gerir það að verkum að á endanum hætta þau að þjóna þeim sem þau eiga að vera að þjóna.

Ásgeir segist þó sannarlega vilja hafa fyrirtæki í sínum rekstri réttu megin við núllið og hefur hann rétt af seglin úr taprekstri þar yfir í methagnað. Hann segist þó stoltastur af verkum sem snúa að því að bæta samskipti og samvinnu á milli ferðaþjónustuaðila á svæðinu og lækkingu á rekstrarkostnaði, en á sama tíma bætt kjör starfsfólks.

annska@bb.is



Fjölskyldan í Tungudal um páskana.



### Sportið í beinni...

**fimmtudagur 14. apríl**  
 19:00 Golf - PGA Tour  
 19:00 Liverpool - B Dortmund  
 19:00 Sevilla - Athletic  
 19:00 Sh Donetsk - SC Braga  
 19:00 Sparta Praha - Villarreal  
 (Opin dagskrá)

**föstudagur 15. apríl**  
 18:40 Hull City - W Wanderers  
 18:50 Lengjubikarinn  
 19:00 Golf - PGA Tour  
 21:10 Körfuboltakvöld  
 04:00 Formúla 1: Æfing - Kína

**laugardagur 16. apríl**  
 06:50 Formúla 1: Tímat - Kína  
 11:35 Norw City - Sunderland  
 13:25 B Munchen - Schalke  
 13:25 Augsburg - Stuttgart  
 13:50 Man United - Aston Villa  
 13:50 WB Albion - Watford  
 13:50 Everton - Southampton  
 13:50 Bournem - Liverpool  
 13:50 Newc Utd - Swansea C  
 13:55 Getafe - Real Madrid  
 16:20 Chelsea - Man City  
 17:00 Golf - PGA Tour

18:30 Dominos deild karla  
 18:40 Inter Milan - Napoli  
 19:30 NBA Playoff Games  
 00:00 UFC Fight Night:  
 Nurmagomedov vs Ferguson

**sunnudagur 17. apríl**  
 12:20 Leicester C - West Ham  
 12:55 Udinese - Chievo  
 12:55 Juventus - Palermo  
 14:50 Arsenal - Crystal Palace  
 18:25 Barcelona - Valencia  
 18:40 Sampdoria - AC Milan  
 19:00 NBA Playoff Games  
 00:00 Golf - PGA Tour  
 05:30 Formúla 1: Kína

**mánudagur 18. apríl**  
 18:50 Stoke City - Tott Hotspur  
 21:00 Messan

**þriðjudagur 19. apríl**  
 18:30 Dominos deild karla  
 18:40 Napoli - Bologna  
 19:55 Deportivo - Barcelona  
 21:10 Körfuboltakvöld  
 00:00 Newcastle - Man City

**miðvikudagur 20. apríl**  
 18:35 West Ham - Watford  
 18:40 Juventus - Lazio  
 18:40 Roma - Torino  
 18:40 Udinese - Fiorentina  
 18:50 Liverpool - Everton  
 18:50 Man Utd Crystal Palace  
 19:55 Real Madrid - Villarreal

### Helgarveðrið

Á föstudag:

Breytileg átt 3-8. Þurr á landinu og bjart með köflum, en þykkar upp vestantil seinnipartinn. Hiti 0 til 7 stig, kaldast norðaustantil.

Á laugardag og sunnudag:

Sunnan og suðvestan 5-10 m/s. Skýjað og dálítill væta af og til, en þurrt norðaustan- og austanlands. Hiti 1 til 7 stig.

# Krossgátan

				GLAÐUR	GJAMMA	HEIMSÁLFU		HNOÐAÐ	AÐGÆTA	FRUMEIND
	ÆDISLEGA									
	LÆRIR					RÉNUM				
						LÍTIÐ BARN				
				ÞVÍLÍKT					SKÓLI	
				ÉTANDI				TALA		
				NABBI				BENDA Á		
	↓	VERKFÆRI	FÆÐA			KÆLA				TÍMABIL
			ÆST			LEIÐ				
KORR						MÁLUR				SKRAN
						BÓK-STAFUR				
KROPP					FYRIR-LESTUR					
					BLUNDA					
VAFI			FORMÓÐIR					RÓL		
			SETT					ÓNÆÐI		
ÓVILD				HLJÓMUR					SAMTÖK	
				ÚTUNGUN					TÓNLIST	
FÍKNIEFNI						STAGL				UM-TURNUN
						STÍFA				
		ÍLÁT					KAUPS			
		BRÆÐI					FRAM-VEGIS			
KVK. SPENDÝR					MERKI					ÓLUKKA
					MILDA					
Í RÖÐ			SKREF					SÖNG-HÖPUR		
			STROFF					SÆLINDÝR		
SANDEYRI				SJÁ EFTIR					KUSK	
				ÓNEFNDUR					TVEIR EINS	
DUGLEGUR						VARKÁRNI				
ÞYNGJAST						MÁTTUR				

## BÍLAVERIÐ ehf

Hjólbarðapjónusta  
Smurpjónusta

Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði  
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is

**H.V. UMBODSVERSLUN ehf**  
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is



**HEKLUSALURINN**  
Nýir bílar og notaðir

Þjónusta í heimabyggð frá 1983

# Lausn á síðustu krossgátu

		LAND	RÓFA	HÖRFA	MUNNI	KVERK	HELGI-MYNDIR
	ÍPRÓTT	Í	S	H	O	K	K Í
	GRÍN	S	K	O	P	KLAFI FYRIR- FERÐ	O K
	FUOLA- HLJÓÐ	R	O	P	SJÁDU RISPA	S	K O
	STRITA FARÐI	A	T	A	S	T	ÓNEFNDUR N
	↓	ÓTRYGGUR TVEIR EINS	M	E	T	SMÁBÁTUR REFSING	K Æ N A
VEGA- HÓTEL	M	Ó	T	E	L	LÖÐUR SKIRNAR- NAFN	SÉRSTAK- LEGA
BEYÐUR	Ó	T	T	I	REISA STEFNA	F	E R Ð
TVEIR EINS	R	R	SKREFA SEYTLAR	K	L	O	F A
EIGA HEIMA	B	Ú	A	SPRÆKUR	E	R	N
GRÖM	E	R	G	ELSKULEGUR HÆÐNIS- BROS	I	N	D Æ L L
	R	FLAT- ORMUR EFTIRRIT	A	G	Ð	A	ÍPRÓTT MARÐAR- DYR
ADALS- TITILL	J	A	R	L	PUS ÆTLUN	F	J A S
FRÁ	A	F	RJÓFA KLAKA	O	P	N	A
TIPL	T	R	Í	T	L	RISPA	R Á K I N
GLÓÐA	R	I	S	T	A	FREKI	F R O S T
BORÐA	É	T	A	ONEISTA	N	E	I S T A

## Sudoku þrautir

9	1			4		7		3
5	7				3			
2			6		7	1	5	8
			9	3				
3	6		4	5	8	2		
4	5	2				3	8	
		5						4
	4	1		2	6		3	
			8	1	4	6	2	5

		9		1			7	
			7	2	8			6
			4			5		
7	9		6				5	8
	6				5			
5		1		9				
8						2		
		5						
	4			3		9	1	

# Baldur og Sjómannafélagið 100 ára barátta launafólks



Í tilefni þess að samtök verkafólks og sjómanna hafa starfað á Ísafirði samfleytt í eina öld hefur verið sett upp sýning á Gamla sjúkrahúsinu á Ísafirði

Sýningin opnar laugardaginn 16. apríl klukkan 14  
Allir velkomnir

Sýningin verður opin fram til Sjómannadagsins  
5. júní 2016



## Þjónustuauglýsingar

PRENTUM  
ALLT MILLI  
HIMINS

OG

JARÐAR



Silfurgötu 1  
400 Ísafirði  
Sími: 456 4560  
Netf.: honnun@bb.is

Fréttir og  
upplýsingar um  
réttindi og kjör  
á vinnumarkaði  
[www.verkvest.is](http://www.verkvest.is)



Sími í Bolungarvík 450 7900  
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður



HRADFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.  
- sjálfbær niðring sjávarauðlinda



# BONUS

## skilar til viðskiptavina

### ólöglegri gjaldtöku ríkisins við útboð á kjúklingakvóta til innflutnings á kjúklingakjöti\*

**TAKMARKAÐ MAGN**  
FYRSTI SKAMMTUR  
CA. 50 TONN

**498**  
kr. kg

Danbo Kjúklingur  
Danskur, heill, frosinn

**TAKMARKAÐ MAGN**  
FYRSTI SKAMMTUR  
55.000 ÞOKAR

**1.279**  
kr. 900 g

Euro Shopper Kjúklingabringur  
Frosnar, 900 g - Verð áður 1549 kr.

# BONUS EKKERT BRUÐL